

**Ed.**

**138. Nefndarálit**

**[56. mál]**

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd tók mál þetta til umræðu og afgreiðslu á fundi sínum 19. þ. m. Meiri hl. nefndarinnar, þ. e. þingmenn stjórnarflokkanna, leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir, er skipum minni hl. nefndarinnar, leggjum til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Um mál þetta hefur staðið nokkur styr milli framsóknarmanna og stjórnarflokkanna undanfarin þrjú þing. Tvö fyrstu þingin var málið svæft í nefnd að tilhlutan stjórnarflokkanna. Á síðasta þingi var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar með atkv. þm. stjórnarflokkanna undir því yfirskeyni, að stjórnskipuð nefnd væri að endurskoða vegalög. Á þessu fjórða og síðasta þingi kjörtímabilsins leggja stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í samgmn. til, að enn verði málinu vísað til ríkisstj. Nú varð ekki við komið þeirri ástæðu, að verið væri að endurskoða vegalög, því að þeirri endurskoðun er lokið.

Á síðastliðnu ári hófst ríkisstjórnin handa um að leggja steinsteyptan veg milli Reykjavíkur og Keflavíkur fyrir lánsfé. Ekki hafði ríkisstjórnin neina lagaheimild til þeirrar lántöku, og hefði þó verið auðvelt að afla hennar, þar sem ekki er kunnugt um neina andstöðu á Alþingi gegn því, að sú vegagerð verði framkvæmd með lánsfé. En stjórnarflokkunum mun ekki hafa þótt gott til afspurnar að samþykkja lántöku til vegagerðar á Reykjanesi, en fella sams konar lántöku til vegagerðar á Vestfjörðum og Austurlandi. Þó er það þetta, sem stjórnarflokkarnir hafa gert með framkvæmd sinni í þessum málum.

Fyrir fjórum árum gerði vegamálastjóri ýtarlega skýrslu yfir ástand allra vega í landinu. Sú skýrsla sýndi, að Vestfirðir og Austurland skáru sig úr með hágborið vegakerfi. Þá voru 29.9% af öllum vegum á Vestfjörðum ólagðir með öllu, 12.7% á Austurlandi, en í öðrum kjördæmum voru það 5% til 11%. Þessi hlutföll milli landshluta munu ekki hafa breytt síðan. Þrátt fyrir þessar staðreyndir telja þingmenn stjórnarflokkanna, að þessir tveir landshlutar, sem verst eru settir, hafi engan rétt á lánsfé til bættra samgangna, þótt réttmætt sé að steypa vegi annars staðar fyrir lánsfé.

Þetta er fjórða árið í röð, sem mál þetta kemur fyrir Alþingi.

Ef tillaga stjórnarliðsins í samgmn. verður samþykkt, ættu Vestfirðingar og Austfirðingar að fara að sjá, svo að ekki verður um deilt, hvers má vænta af núverandi stjórnarflokkum í samgöngumálum þessara landshluta.

Alþingi, 22. nóv. 1962.

Sigurvin Einarsson,  
frsm.

Jón Kjartansson.